Skýrr ehf.

Ársreikningur
2008

Skýrr ehf.
Ármúla 2
108 Reykjavík

Kt. 590269-7199

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra 3

Áritun óháðs endurskoðanda 4

Rekstrarreikningur 5

Efnahagsreikningur 6

Eiginfjáryfirlit 7

Sjóðstreymisyfirlit 8

Skýringar 9

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Skýrr ehf. er dótturfélag Teymis hf. og er ársreikningurinn hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur félagsins 2.958,7 millj. kr. á árinu. Tap af rekstri félagsins á árinu nam 72,1 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 5.287,1 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 584,5 millj. kr. og var eiginfjárhlutfall félagsins 11,1%. Varðandi breytingar á eigin fé á árinu vísast til ársreikningsins og skýringa hans.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður til hluthafa á árinu 2009 að fjárhæð 245.000.000.

Stjórn og forstjóri Skýrr ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. júní 2009.

Stjórn:

Forstjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Skýrr ehf.

Inngangur
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Skýrr ehf. fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2008, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 30. júní 2009.

KPMG hf.

Rekstrarreikningur ársins 2008

	Skýr.	2008	2007
Seldar vörur og þjónusta		2.958.682	2.941.797
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu		(2.160.956)	(2.184.374)
Vergur hagnaður		797.726	757.423
Aðrar tekjur		2.315	408
Sölukostnaður		(25.857)	(21.331)
Stjórnunarkostnaður		(469.226)	(429.392)
Rekstrarhagnaður		304.958	307.108
Fjármunatekjur		782.652	234.702
Fjármagnskostnaður		(1.182.614)	(161.901)
(Hrein fjármagnsgjöld)/(hreinar fjármunatekjur)	6	(399.962)	72.801
(Tap)/hagnaður fyrir tekjuskatt		(95.004)	379.909
Tekjuskattur	7,16	22.936	(71.985)
(Tap)/hagnaður ársins		(72.068)	307.924
(Tap)/hagnaður á hlut:			
(Tap)/hagnaður á hverja krónu hlutafjár	16	(0,26)	1,13

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	Skýr.	2008	2007
Eignir:			
Rekstrarfjármunir	8	327.325	373.992
Óefnislegar eignir	9	163.259	112.740
Eignarhlutir í félögum	10	63	25.588
Krafa á móðurfélag	11	2.704.920	3.106.086
Fastafjármunir		3.195.567	3.618.406
Krafa á móðurfélag	11	1.622.968	153.735
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	12	414.259	378.504
Handbært fé		54.303	64.342
Veltufjármunir		2.091.530	596.581
Eignir samtals		5.287.097	4.214.987
Eigið fé:			
Hlutafé	13	273.361	273.361
Lögbundinn varasjóður		65.657	65.657
Óráðstafað eigið fé		245.482	317.550
Eigið fé samtals		584.500	656.568
Skuldir:			
Vaxtaberandi skuldir	15	0	2.888.558
Tekjuskattsskuldbinding	16	5.491	109.294
Langtímaskuldir		5.491	2.997.852
Vaxtaberandi skuldir	15	3.794.943	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		902.163	560.567
Skammtímaskuldir		4.697.106	560.567
Skuldir samtals		4.702.597	3.558.419
Eigið fé og skuldir samtals		5.287.097	4.214.987

Eiginfjáryfirlit 2008

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Árið 2007				
Eigið fé 1.1.2007	273.361	65.657	549.626	888.644
Hagnaður ársins			307.924	307.924
Greiddur arður			(540.000)	(540.000)
Eigið fé 31.12.2007	273.361	65.657	317.550	656.568
Árið 2008				
Eigið fé 1.1.2008	273.361	65.657	317.550	656.568
Tap ársins			(72.068)	(72.068)
Eigið fé 31.12.2008	273.361	65.657	245.482	584.500

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður /(tap) ársins		(72.068)	307.924
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hagnaður af sölu eigna		(2.315)	(408)
Afskriftir	8,9	196.228	155.164
(Hreinar fjármunatekjur) /hrein fjármagnsgjöld	6	399.962	(72.801)
Tekjuskattur	9,16	(22.936)	71.985
Veltufé frá rekstri		498.871	461.864
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Krafa á móðurfélag, hækkun		(76.147)	(153.735)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, hækkun		(91.344)	(19.399)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, hækkun		120.847	44.548
Fyrirframinnheimtar tekjur, lækkun/ (hækkun)		21.271	(1.108)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(25.373)	(129.694)
Innheimtar vaxtatekjur		144.707	75.600
Greidd vaxtagjöld		(376.814)	(152.172)
Greiddur tekjuskattur		(70.119)	(17.753)
Handbært fé frá rekstri		171.272	237.845
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	8	(116.432)	(210.667)
Söluverð rekstrarfjármuna		11.725	5.506
Fjárfesting í óefnislegum eignum	9	(93.057)	(3.448)
Söluverð eignarhluta í félögum		16.453	0
Langtímakröfur, breyting		0	(49.439)
Skammtímakröfur, breyting		0	50.983
Fjárfestingarhreyfingar		(181.311)	(207.065)
Hækkun/(lækkun) á handbæru fé		(10.039)	30.780
Handbært fé í ársbyrjun		64.342	33.562
Handbært fé í árslok		54.303	64.342

Skýringar

1. Félagið

Skýrr ehf. er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 2, Reykjavík.

Skýrr ehf. er þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 30. júní 2009.

b. ***Grundvöllur matsaðferða***

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs.

c. ***Starfrækslugjaldmiðill***

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna.

d. ***Mat og ákvarðanir***

Gerð ársreikninga krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjald. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og ályktanir því til grundvallar eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem áhrif breytinganna vara.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

(i) *Eignarhlutir í félögum*

Eignarhlutir í félögum eru færðir á gangvirði og hagnaður eða tap af þeim er fært í rekstrarreikninginn. Í árslok liggur ekki fyrir mat á gangvirði allra félaganna þannig að eignarhlutir þeirra eru færðir á kostnaðarverði.

a. ***Erlendir gjaldmiðlar***

(i) *Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru yfirfærð í starfrækslugjaldmiðil á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar í starfrækslugjaldmiðil miðað við gengi uppgjörsdags. Gengismunur peningalegra liða sem myndast við yfirfærslu í starfrækslugjaldmiðil er færður í rekstrarreikning. Efnislegar eignir og skuldir sem metnar eru á kostnaðarverði í erlendri mynt eru færðar yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

b. ***Rekstrarfjármunir***

(i) *Eignir í eigu félagsins*

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og færðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

(ii) *Kostnaður sem fellur til síðar*

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á einstökum hlutum rekstrarfjármuna er eignfærður sem rekstrarfjármunur þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) *Afskriftir*

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra rekstrarfjármuna.
Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Aðrir rekstrarfjármunir	3 - 8 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi.

c. ***Óefnislegar eignir***

(i) *Viðskiptavild*

Viðskiptavild verður til við kaup dótturfélaga.

Yfirtökur fyrir 1. janúar 2004

Flokkun og reikningsskilaaðferðum á sameiningum sem áttu sér stað fyrir 1. janúar 2004 var ekki breytt við upptöku á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum 1. janúar 2004. Að því er varðar yfirtökur sem áttu sér stað fyrir þann tíma hefur öll viðskiptavild verið gjaldfærð.

Yfirtökur þann 1. janúar 2004 eða síðar

Við yfirtökur sem hafa átt sér stað eftir 1. janúar 2004 er viðskiptavild mismunurinn á kostnaði við yfirtökuna og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda. Þegar neikvæð viðskiptavild myndast er hún tekjufærð í rekstrarreikningi.

(ii) *Síðara mat*

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun.

(iii) *Aðrar óefnislegar eignir*

Aðrar óefnislegar eignir, sem hafa takmarkaðan líftíma, eru færðar til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

(iv) *Afskriftir*

Afskriftir eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt línulegri aðferð á líftíma óefnislegra eigna, annarra en viðskiptavildar, frá því þær eru teknar í notkun. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður	3 - 8 ár

Skýringar, frh.:

e. ***Virðisrýrnun***

(i) *Fjáreignir*

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun.

f. ***Tekjur***

(i) *Seldar vörur og veitt þjónusta*

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vöru verið skilað.

g. ***Leigugreiðslur***

Greiðslur sem eiga sér stað á grundvelli rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímabilinu.

h. ***Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld***

Fjármunatekjur samanstanda af, vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna, þar sem verðbreyting er færð í rekstrarreikning og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til og er miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Vaxtagjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og virðisrýrnun fjáreigna. Allur lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti. Gengishagnaði og gengistapi er jafnað saman.

i. ***Tekjuskattur***

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreiknings aðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikninum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Tekjuskattur er ekki reiknaður fyrir viðskiptavild, sem ekki er frádráttarbær samkvæmt skattalögum, og mismun sem tengist fjárfestingum í dótturfélögum að því marki sem talið er að móðurfélagið geti stjórnað því hvenær tímabundni mismunurinn snúist við og talið er líklegt að tímabundni mismunurinn muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörsdegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem ekki er talið að hún nýtist.

Skýringar, frh.:

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2008	2007
Laun	1.356.390	1.239.070
Launatengd gjöld	304.838	292.537
Laun og launatengd gjöld samtals	1.661.228	1.531.607
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu	202	192

5. Þóknanir til endurskoðenda

Þóknanir til endurskoðenda greinast þannig:	2008	2007
Endurskoðun ársreiknings	4.051	1.675
Könnun árshlutareikninga	416	476
Önnur þjónusta	86	1.318
Samtals	4.553	3.469

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2008	2007
Vaxtatekjur	415.219	143.304
Verðbætur og gengishagnaður gjaldmiðla	367.433	91.398
Fjármunatekjur samtals	782.652	234.702
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld og verðbætur	(583.554)	(161.901)
Sölutap og niðurfærsla hlutabréfaeignar	(9.070)	0
Gengistap gjaldmiðla	(589.990)	0
Fjármagnsgjöld samtals	(1.182.614)	(161.901)
(Hrein fjármagnsgjöld)/hreinar fjármunatekjur samtals	(399.962)	72.801

7. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

Hagnaður fyrir tekjuskatt		(95.004)		379.909
Tekjuskattur fyrirtækja skv. gildandi skatthlutfalli	15,0%	(14.251)	18,0%	68.384
Lækkun skattskuldb.vegna lækkunar skatthlutfalls	19,2%	(18.216)	0,0%	0
Frestaður söluhagnaður	(8,6%)	8.213	0,0%	0
Annað	(1,4%)	1.318	0,9%	3.601
Virkur tekjuskattur	24,2%	(22.936)	18,9%	71.985

Skýringar, frh.:

8. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Aðrir rekstrar-fjármunir
Kostnaðarverð	
Heildarverð 1.1.2007	1.124.831
Viðbætur á árinu	210.667
Selt og niðurlagt á árinu	(69.589)
Heildarverð 31.12.2007	1.265.909
Viðbætur á árinu	116.432
Selt og niðurlagt á árinu	(418.165)
Heildarverð 31.12.2008	964.176
Afskriftir og virðisrýrnun	
Staða 1.1.2007	809.721
Afskriftir ársins	116.196
Selt og niðurlagt á árinu	(34.000)
Afskrifað samtals 31.12.2007	891.917
Afskriftir ársins	153.690
Selt og niðurlagt á árinu	(408.756)
Afskrifað samtals 31.12.2008	636.851
Bókfært verð	
1.1.2008	373.992
31.12.2008	327.325
Afskriftahlutföll	12-33%

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftir rekstrarfjármuna sbr. skýringu 8	153.690
Afskriftir óefnislegra eigna sbr. skýringu 9	42.538
Fært í rekstrarreikning sem afskriftir	196.228

9. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir, afskriftir og virðisrýrnun greinast þannig:

	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Heildarverð 1.1.2007	105.400	475.953	581.353
Viðbætur ársins	0	3.448	3.448
Selt og niðurlagt á árinu	(38.847)	(221)	(39.068)
Heildarverð 31.12.2007	66.553	479.180	545.733
Viðbætur ársins	0	93.057	93.057
Selt og niðurlagt á árinu	0	(124.234)	(124.234)
Heildarverð 31.12.2008	66.553	448.003	514.556

Skýringar, frh.:

Afskriftir og virðisrýrnun

Staða 1.1.2007	18.560	394.087	412.647
Virðisrýrnun og afskriftir ársins	0	38.968	38.968
Selt og niðurlagt á árinu	(18.560)	(62)	(18.622)
Afskrifað samtals 31.12.2007	0	432.993	432.993
Afskriftir ársins	0	42.538	42.538
Selt og niðurlagt á árinu	0	(124.234)	(124.234)
Afskrifað samtals 31.12.2008	0	351.297	351.297

Bókfært verð

1.1.2008	66.553	46.187	112.740
31.12.2008	66.553	96.706	163.259

Bókfærð viðskiptavild í árslok 2008 er vegna kaupa á Element hf. sem hefur verið sameinað Skýrr ehf.

10. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:	Bókfært verð
Curron hf.(Smartkort ehf., Reykjavík)	14
Stáltak hf.	49
Eignarhlutir í félögum samtals	63

11. Krafa á móðurfélag

Langtímakrafa á móðurfélag að fjárhæð 2.704 millj.kr. er með gjalddaga þann 31.12.2010.

Skammtímakrafa á móðurfélag greinist þannig:		
Næsta árs afborgun kröfu á móðurfélag	1.332.894	0
Krafa vegna sjóðspotts	290.074	153.735
Skammtímakrafa á móðurfélag samtals	1.622.968	153.735

12. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	2008	2007
Nafnverð viðskiptakrafna	334.564	292.982
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(20.694)	(19.601)
Aðrar skammtímakröfur	100.389	105.123
Samtals	414.259	378.504

Niðurfærsla krafna hefur verið færð í rekstrarreikning vegna áætlaðra tapaðra viðskiptakrafna. Niðurfærsla viðskiptakrafna er byggð á mati stjórnenda og á sögulegri þróun.

Skýringar, frh.:

13. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins í ársbyrjun og árslok samkvæmt samþykktum er 273,4 millj.kr.

14. Hagnaður /(tap) á hlut

Grunnhagnaður/(tap) á hlut er miðaður við hagnað/(tap), sem ráðstafað er til hluthafa í félaginu og vegins meðaltals virks hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn/(tapið) er á hverja krónu hlutafjár.

Grunnhagnaður /(tap)	2008	2007
(Tap)/hagnaður ársins	(72.068)	307.924
Hlutafé í ársbyrjun	273.361	273.361
Vegið meðaltal útistandandi hluta síðustu 12 mánaða	273.361	273.361
(Tap)/hagnaður á útistandandi hlut	(0,26)	1,13

15. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir í lok árs greinast þannig:	2008	2007
Skuldir við lánastofnanir	0	2.888.558
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	0	2.888.558

Vaxtaberandi skuldir meðal skammtímaskulda greinast þannig:

Næsta árs afborganir	3.794.943	0
Vaxtaberandi skammtímaskuldir samtals	3.794.943	0

Vaxtaberandi skammtímaskuldir í lok ársins greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

	2008		2007	
	Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
Skuldir í EUR	0,0%	0	7,2%	1.179.900
Skuldir í CHF	0,0%	0	5,1%	859.084
Skuldir í JPY	0,0%	0	3,3%	426.050
Skuldir í USD	0,0%	0	7,2%	267.436
Skuldir í CAD	0,0%	0	7,2%	156.088
Skuldir í ISK	0,0%	3.794.943	0,0%	0
		3.794.943		2.888.558
Næsta árs afborgun		(3.794.943)		(2.888.558)
		0		0

Til tryggingar langtímaskulda hefur félagið gefið út veðsetningakvöð vegna vörubirgða og viðskiptakrafna.

16. Tekjuskattsskuldbinding

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:	2008	2007
Tekjuskattsskuldbinding 1.1.2008	109.294	107.428
Lækkun skattskuldbindingar vegna lækkunar skatthlutfalls	(18.216)	0
Reiknaður tekjuskattur ársins	(4.720)	71.985
Skuld við móðurfélag vegna samsköttunar	(80.867)	(70.119)
Tekjuskattskuldbinding 31.12.2008	5.491	109.294

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok:

Rekstrarfjármunir	4.817	13.249
Eignarhlutir í öðrum félögum	(1.161)	(1.522)
Viðskiptakröfur	1.835	(982)
Frestaður söluhagnaður	0	98.549
Tekjuskattskuldbinding 31.12.2008	5.491	109.294

17. Rekstrarleiga

Leiga sem leigutaki

Rekstrarleigugreiðslur greinast þannig:	2008	2007
Innan árs	92.458	65.054
Eftir 1-5 ár	330.693	239.899
Samtals	423.151	304.953

18. Tengdir aðilar

Móðurfélag, systurfélög, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Viðskipti við stjórnendur

Laun stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra félagsins námu alls 143,1 millj. kr. á árinu 2008.

Eignir og skuldir við tengd félög greinast þannig í árslok:	2008	2007
Kröfur á félög í samstæðu Teymis hf.	4.052.663	3.161.818
Skuldir við félög í samstæðu Teymis hf.	(97.206)	(93.692)

Tekjur og gjöld vegna tendra félaga greinast þannig á árinu:

Tekjur:

	2008	2007
Tekjur frá félögum í samstæðu Teymis hf.	1.132.652	158.965

Gjöld:

Gjöld til félaga í samstæðu Teymis hf.	(136.836)	(228.465)

19. Atburðir eftir uppgjörsdag

Fjárhagsleg endurskipulagning

Skýrr ehf. er dótturfélag Teymis hf. Þann 21. apríl 2009 veitti Héraðsdómur Reykjavíkur Teymi hf. heimild til þess að leita nauðasamninga við kröfuhafa sína. Kröfuhafar samþykktu fyrirliggjandi frumvarp til nauðasamninga 4. júní 2009, sem staðfestir voru af Héraðsdómi Reykjavíkur þann 23. júní 2009. Í nauðasamningnum felst að vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir er færðar yfir til Teymis hf., vaxtaberandi skuldum og kröfum á hendur Teymi hf. eru að hluta gerðar upp með lækkun á eigin fé í Skýrr ehf. Áhrif nauðasamninganna á efnahagsreikning Skýrr ehf. í árslok 2008 eru eftirfarandi:

	Efnahagur 31.12.2008	Áhrif nauðasamnings	Leiðréttur efnahagur
Eignir:			
Rekstrarfjármunir	327.325		327.325
Óefnislegar eignir	163.259		163.259
Eignarhlutir í félögum	63		63
Krafa á móðurfélag	2.704.920	(2.704.920)	0
Fastafjármunir	3.195.567	(2.704.920)	490.647
Krafa á móðurfélag	1.622.968	(1.522.894)	100.074
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	414.259		414.259
Handbært fé	54.303		54.303
Veltufjármunir	2.091.530	(1.522.894)	568.636
Eignir samtals	5.287.097	(4.227.814)	1.059.283
Eigið fé:			
Eigið fé	584.500	(229.131)	355.369
Skuldir:			
Tekjuskattsskuldbinding	5.491		5.491
Langtímaskuldir	5.491	0	5.491
Vaxtaberandi skuldir	3.794.943	(3.794.943)	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	902.163	(203.740)	698.423
Skammtímaskuldir	4.697.106	(3.998.683)	698.423
Skuldir samtals	4.702.597	(3.998.683)	703.914
Eigið fé og skuldir samtals	5.287.097	(4.227.814)	1.059.283